



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

**Byggingarfulltrúi uppsveita Árnessýslu
bt/ Helgi Kjartansson, byggingarfulltrúa
Dalbraut 12
840 Laugarvatn**

Selfossi, 20. nóvember 2012
1211026HS MBG

Efni: Umsögn vegna teikningar af Kletti í Reykholti.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur móttekið erindi þar sem óskað er eftir umsögn embættisins vegna teikninga af veitingastaðnum Kletti í Reykholti sem fyrirhugað er að breyta í gististað.

Ekki er getið í umsögninni í hvaða flokki fyrirhugað er að viðkomandi gististaður lendir í samanber skilgreiningar í reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gistihaus og skemmtanahald.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar:

- Sé fyrirhugaður gististaður í flokki gistiheimilis/hótels vantar gestamóttöku.
- Handlaugar vantar í gistiherbergi. Handlaugar skulu vera inn á herbergjum sé ekki sér snyrtiherbergi.
 - Varðandi annan aðbúnað í herbergjum getur Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ekki veitt umsögn þar sem ekki kemur nægilega skýrt fram í hvaða flokki fyrirhugaður gististaður muni lenda í en vísar í áðurnefnda reglugerð og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.
- „Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Í skólum og öðrum kennslustöðvum, leikskólum og daggæslu í heimahúsum, heilsurækjar- og íþróttastöðvum, íþróttahúsum, samkomustöðum, gististöðum, heilbrigðis- og meðferðarstofnunum skal nota hitastýrð blöndunartæki í handlaugum og böðum til þess að vatnshiti við töppunarstað fari ekki yfir 43°C. [...]“ samkvæmt 14. grein reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti.
- Um aðgengi að starfsmannasalerni og starfsmannaðstöðu vísar embættið á reglur Vinnueftirlit ríkisins um húsnaði vinnustaða.
- Inn á eldhúsi skal öll óþarfa umgengni lágmörkuð. Breyta þarf fyrirkomulagi innandyra svo að ræsting/geymsla sé ekki innangengt úr eldhúsi.



Ef fyrirhugað er að þvo þvott á staðnum þarf að skilgreina þá aðstöðu á teikningu.

- Eldhús:

- Handlaug vantar.
- Háfur/vifta skal vera yfir eldavél.
- Uppþvottavél skal vera í eldhúsi.

Vísað er í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lög nr. 93/1995 um matvæli msbr., reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti sem varða matvæli, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gistihald og skemmtanahald.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Maria Berg Guðnadóttir

María Berg Guðnadóttir
heilbrigðisfulltrúi